



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 5/2018
Reykjavík, 13. apríl 2018

Ákvörðun um afskráningu véla af vinnuvélaskrá og bann við notkun þeirra.

I. Málavextir

Hinn 10. júní 2016 sótti Garðlist ehf., kt. 450598-2409, um skráningu fjögurra sláttuvéla af gerðinni Exmark Lazer, framleiðslunúmer 316610459, 316610444, 316610458 og 316610446 í vinnuvélaskrá Vinnueftirlits ríkisins.

Við vinnslu framangreindra umsókna kom í ljós að í vinnuvélaskrá Vinnueftirlits ríkisins voru einnig sjö slátturvélar af gerðinn Exmark Lazer, framleiðslunúmer 312612253, 312612254, 312612256, 312608821, 313643028, 312608829 og 314644594 skráðar á Garðlist ehf. og með skráningarnúmerin IB1080, IB1081, IB1082, IB1083, IB1084, IB1085 og IB1086. Voru vélarnar skráðar 8. desember 2014.

Við vinnslu á umsóknum Garðlistar ehf. um skráningu sláttuvélanna, sem bárust Vinnueftirliti ríkisins þann 10. júní 2016, óskaði Vinnueftirlit ríkisins eftir EB-samræmisýfirlýsingu með vélunum þar sem fyrirtækið hefði flutt þær inn frá Bandaríkjunum. Garðlist ehf. lagði fram, þann 14. júní 2016, EB-samræmisýfirlýsingu fyrir vélarnar sem höfðu verið skráðar í vinnuvélaskrá þann 8. desember 2014.

Skoðun Vinnueftirlits ríkisins á framlögðum gögnum leiddi í ljós að EB-samræmisýfirlýsingin með vélunum, sem skráðar voru í vinnuvélaskrá Vinnueftirlits ríkisins árið 2014, var byggð á skýrslu BSI á Íslandi, um áhættumat vegna CE-merkingar, dags. 21. ágúst 2014. Í skýrslunni kom fram í 2. tölul. við kafla 5.1. um frávik frá reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, að ekki hafi verið sýnd fullnægjandi tækniskjöl fyrir vélina. Af þeirri ástæðu eru vélarnar sem skráðar voru á fyrirtækið í vinnuvélaskrá, þann 8. desember 2014, ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Með tölvubréfi, dags. 14. mars. 2017, greindi Vinnueftirlit ríkisins fyrirtækinu frá því að vélarnar væru ranglega CE-merktar, sbr. 15. gr.

reglugerðarinnar, og var fyrirtækinu veittur frestur til að sýna fram á að vélarnar uppfylli kröfur reglugerðarinnar.

Þann 12. maí 2017, lagði Garðlist ehf. fram EB-samræmisyfirlýsingu fyrir hluta vélanna og skýrslu um áhættugreiningu, frá maí 2017, sem EFLA verkfræðistofa vann fyrir fyrirtækið og EB-samræmisyfirlýsingin byggði á. Þá lagði Garðlist ehf. fram yfirlýsingu frá bandaríska fyrirtækinu LIFFCO inc. Í yfirlýsingunni kom fram að fyrirtækið gæti látið Vinnueftirlit ríkisins í té tækniskjölin ef rökstudd beiðni þess efnis bærist þeim. Þann 12. júní 2017 sendi Vinnueftirlit ríkisins fyrirspurn til Toro Company, framleiðanda vélanna í Bandaríkjunum, um hvort fyrirtækið gæti staðfest að LIFFCO inc. hefði aðgang að tækniskjöllum fyrir sláttuvélarnar. Svar við erindinu barst með tölvubréfi þann, 14. júní 2017, þar sem fram kom að fyrirtækið hafi aðeins framleitt vélarnar fyrir markað í Bandaríkjunum og Kanada og að fyrirtækið hafi engar áætlanir að útvega skjöl sem sýna fram á samræmi þeirra við þær kröfum sem gerðar er á Evrópska efnahagssvæðinu.

Vinnueftirlit ríkisins upplýsti fyrirtækið í bréfi, dags. 16. júní 2017, um framangreind samskipti við Toro Company. Í sama bréfi greindi stofnunin fyrirtækinu frá því að þar sem LIFFCO inc. væri ekki tilgreint sem framleiðandi í EB-samræmisyfirlýsingunni, sem Garðlist ehf. lét Vinnueftirliti ríkisins í té, uppfyllti yfirlýsing LIFFCO inc. ekki skýr skilyrði 2. tölul. A. liðar VII. viðauka reglugerðar nr. 1005/2009. Garðlist ehf. væri framleiðandi í skilningi reglugerðar nr. 1005/2009 og yrði fyrirtækið því að geta tekið saman tækniskjöl fyrir vélarnar og gert þau tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins, sbr. 2. tölul. A. liðar VII. viðauka reglugerðarinnar.

Í bréfi til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 16. ágúst 2017, fór Garðlist ehf. fram á að stofnunin samþykkti CE-merkingu sláttuvélanna, skv. EB-samræmisyfirlýsingu og skýrslu EFLU verkfræðistofu um áhættugreiningu frá maí 2017. Meðfylgjandi var tölvubréf, dags. 10. ágúst 2017, frá sölustjóra Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. þar sem hann lýsir yfir að umræddar Exmark Lazer vélar séu í öllum atriðum sambærilegar Toro professional 7000 132 cm Z Master (7464TE) hvað snertir öryggi, heilsu og umhverfi.

Í bréfi dags. 7. september 2017, óskaði Vinnueftirlitið eftir frekari upplýsingum um hvort Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. væri viðurkenndur fulltrúi framleiðanda samkvæmt j. lið 2. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað en það kæmi ekki fram í bréfinu.

Þar sem Vinnueftirliti ríkisins barst ekki framangreindar upplýsingar veitti stofnunin Garðlist ehf., með bréfi, dags. 5. febrúar 2018, frest til 1. mars 2018 til að koma að andmælum eða koma vélinni í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað áður en stofnunin tæki ákvörðun um afskráningu vélanna úr vinnuvélaskrá og bann við notkun þeirra.

Í tölvubréfi frá fyrirtækinu, þann 14. febrúar 2018, óskaði fyrirtækið eftir upplýsingum frá stofnuninni um aðdraganda þess að vélarnar hefðu verið skráðar í vinnuvélaskrá á fyrirtækið og hvort sú skráning hafi verið gerð með einhverjum fyrirvara. Þá var óskað eftir upplýsingum um hvernig hugsanleg afskráning samræmdist ákvæðum 25. gr. stjórnsýslulaga. Þann 21. febrúar 2018 barst annað tölvubréf frá fyrirtækinu þar sem kom fram að Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. væri dótturfyrirtæki Jötunn vélar ehf. sem væri umboðsaðili Toro Company á Íslandi og fylgdi með yfirlýsing frá Toro Company þess efnis. Þá var því haldið fram að með yfirlýsingunni væri málið

að fullu upplýst. Vinnueftirlit ríkisins hafnaði andmælum fyrirtækisins, með tölvubréfi þann 6. mars 2018, þar sem framangreind yfirlýsing bæri aðeins með sér að Jötunn vélar ehf. væri viðurkenndur umboðs- og dreifingaraðili hér á landi. Fyrirtækinu hefði ekki tekist að sýna fram á að Jötunn vélar ehf. væri viðurkenndur fulltrúi framleiðandi skv. j. lið 2. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Þá var fyrirtækið upplýst um að framangreindar vélar væru ekki í samræmi við reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað og því skorti lagastoð til að skrá vélarnar í vinnuvélaskrá á sínum tíma, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 388/1989 um skráningu og skoðun vinnuvéla og farandvinnuvéla, (sjá umfjöllun í næsta kafla).

Ekki hafa borist frekari gögn frá fyrirtækinu sem sýna fram á að framangreindar vélar séu í samræmi við reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnáskrárlaga nr. 37/1993 getur stjórnvald afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls, þegar ákvörðun er ógildanleg.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla skal vinnuvél einungis vera skráð í vinnuvélaskrá ef hún uppfyllir þær kröfur sem um slíkar vélar gilda. Þær reglur sem gilda um gerð og búnað allra framangreindra sláttuvéla er reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað.

Garðlist ehf. telst framleiðandi vélarinnar í skilningi reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, sbr. i. lið 2. gr., þar sem fyrirtækið flutti vélarnar sjálft inn til landsins. Garðlist ehf. hefur ekki sýnt fram á að annað fyrirtæki sé viðurkenndur fulltrúi framleiðanda samkvæmt j. lið 2. gr. reglugerðarinnar.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað kveður á um að vélar sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka reglugerðar þessarar

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, skal framleiðandi, áður en vél er sett á markað og/eða tekin í notkun, tryggja að tækniskjölin skv. A-lið VII. viðauka reglugerðar þessarar séu tiltæk.

Í 2. tölul. A. liðar VII viðauka við reglugerðina kemur fram að tækniskjölin skulu vera til reiðu fyrir Vinnueftirlit ríkisins í a.m.k. tíu ár eftir framleiðsludag vélar eða framleiðsludag síðasta eintaks af vélinni sé um raðframleiðslu að ræða. Tækniskjölin þarf hvorki að geyma á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins né þurfa þau ávallt að vera efnislega tiltæk. Hins vegar skal sá sem tilgreindur er í EB-samræmisyfirlýsingunni geta tekið þau saman og gert þau tiltæk innan frests sem er í eðlilegu samræmi við hversu flókin þau eru.

Í 3. tölul. sama liðar kemur fram að séu tækniskjöl ekki lögð fram þegar Vinnueftirlit ríkisins fer þess á leit með tilhlýðilega rökstuddri beiðni getur það verið nægileg ástæða til að draga í efa samræmi vélarinnar sem um ræðir við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi.

Við rannsókn og eftirlit Vinnueftirlits ríkisins hefur komið í ljós að framangreindar sláttuvélar eru ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað þar sem Garðlist ehf. hefur ekki getað látið stofnuninni í té tækniskjöl sláttuvélanna. Eru því umræddar sláttuvélar ekki í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem settar eru fram í I. viðauka reglugerðarinnar, sbr. m.a. 3. tölul. A. liðar VII viðauka reglugerðar nr. 1005/2009.

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað telst vél ranglega viðurkennd þegar EB-samræmisfirlýsingu vantar fyrir vél. Eins og fram hefur komið teljast framangreindar sláttuvélar ekki í samræmi við þær kröfur reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. EB-samræmisfirlýsingin, sem Garðlist ehf. lét Vinnueftirliti ríkisins í té, er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, sbr. A-lið 1. hluta II viðauka hennar, og því ófullnægjandi.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað er svohljóðandi:

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að vél sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar hafi ranglega verið einkennd með CE-merki, sbr. 13. gr., eða henni fylgir ranglega EB-samræmisfirlýsing ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans að sjá til þess að vélinni verði breytt þannig að hún fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar um CE-merki og EB-samræmisfirlýsingu.

Þá hljóðar 3. mgr. sömu greinar svo:

Sinni framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans ekki skyldu sinni skv. 2. mgr. eftir að hafa fengið hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum skv. 1. mgr. er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að banna markaðssetningu og/eða notkun vélarinnar eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku. Að öðru leyti gildir 48. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framangreindar sláttuvélar, með framleiðslunúmer 312612253, 312612254, 312612256, 312608821, 313643028, 312608829 og 314644594, eru ranglega viðurkenndar, skv. b. lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, þar sem fullnægjandi EB-samræmisfirlýsingu vantar fyrir vélarnar. Þá hefur fyrirtækið ekki komið vélunum í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.

Ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins að skrá framangreindar sláttuvélar í vinnuvélaskrá stofnunarinnar þann 8. desember 2018 var ekki í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 388/1989, og því er ákvörðunin ógildanleg. Vinnueftirlit ríkisins beindi ítrekað þeim fyrirmælum til fyrirtækisins að koma vélunum í samræmi við reglugerðina og leggja fram gögn því til staðfestingar til Vinnueftirlits ríkisins. Garðlist ehf. hefur ekki orðið við þeim fyrirmælum.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, kemur fram að óheimilt sé að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um

merkingar, leiðbeiningar, vottanir, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru skv. framangreindum lögum og sérreglum settum á grundvelli þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

III. Ákvörðunarorð

Með vísan til 2. mgr. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, 3. lið VII viðauka við reglugerðina ásamt 15. gr. hennar, afskráir Vinnueftirlit ríkisins sláttuvélar af gerðinni Exmark Lazer, framleiðslunúmer 312612253, 312612254, 312612256, 312608821, 313643028, 312608829 og 314644594, í eigu Garðlist ehf., kt. 450598-2409, úr vinnuvélaskrá sem skráðar voru ranglega þann 8. desember 2014.

Með vísan til 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, bannar Vinnueftirlit ríkisins notkun sláttuvélanna.

Vinnueftirlit ríkisins